KENNSLUSTEFNA MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

1 INNGANGUR

Kennslustefna Menntaskólans að Laugarvatni byggir á sameiginlegri sýn kennara á gæði kennslu og náms. Stefnan er sett í þágu náms og velferðar nemenda. Hún er leiðarljós sem styður faglegt frelsi, eflir samræður og hjálpar okkur að þróa kennsluhætti áfram.

Stefnan á rætur í grunngildum skólans: manngildi, þekkingu og atorku.

> **Manngildi** birtist í kennslu sem einkennist af virðingu, tillitssemi og jákvæðum samskiptum þar sem sérhver nemandi fær tækifæri til að vaxa.
>
> **Þekking** kallar á dýpri skilning, gagnrýna hugsun og merkingarbært nám.
>
> **Atorka** felur í sér virkni, frumkvæði og metnað í námi og kennslu.

Við gerð kennslustefnunnar voru haldnir vinnufundir með kennurum skólans á vorönn 2026 og byggt á niðurstöðum ytra mats á ML frá október 2025. Til grundvallar lágu m.a. ný gæðaviðmið fyrir framhaldsskóla og Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011.

Næsta endurskoðun skal fara fram í síðasta lagi að vori 2027.

2 LEIÐARLJÓS Í KENNSLU

2.1 SKILNINGUR

Áhersla er á að nemendur skilji viðfangsefni, geti nýtt þekkingu sína í nýjum aðstæðum og tengt við eigin reynslu þegar það á við. Þegar tækifæri gefast til þess er námið tengt við reynslu nemenda og raunverulegar aðstæður. Nemendur eru hvattir til að spyrja, rökstyðja og greina ólík sjónarmið.

2.2 FJÖLBREYTNI

Kennsla byggir á fjölbreyttum aðferðum, bæði miðlun kennara og virkum aðferðum eins og hópavinnu, umræðum, uppgötvunarnámi, verklegum æfingum og fleiru. Kennarar velja aðferðir sem henta viðfangsefninu, markmiðum áfangans og nemendahópnum.

2.3 SKIPULAG

Áhersla er lögð á innihaldsríkar og vel skipulagðar kennslustundir með skýr markmið og væntingar. Miðað er við að gott jafnvægi sé á milli miðlunar, virkni og sköpunar.

2.4 VINNUBRÖGÐ

Nemendur vinna sjálfstætt og saman, læra hvert af öðru og taka stundum þátt í jafningjamati og jafningjakennslu. Kennarar skipuleggja hópavinnu á meðvitaðan hátt. Lögð er áhersla á uppbyggileg samskipti, virðingu, vinnufrið og virka þátttöku allra.

2.5 VÖXTUR

Námsmat er fjölbreytt og nemendur fá reglulega, skýra og leiðbeinandi endurgjöf. Nemendur og kennarar hvetja hvert annað og hrósa framförum. Unnið er með vaxtarhugarfar, þrautseigju og sjálfstraust á þann hátt að nemendur upplifa öryggi til að taka þátt og gera mistök.

3 HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

3.1 HLUTVERK KENNARANS

Kennarinn er leiðtogi og verkstjóri í námi nemenda, skipuleggur markvissa kennslu, kveikir áhuga og styður nemendur í námsferlinu. Hann setur skýrar kröfur, fylgir þeim eftir og skapar jákvætt og hvetjandi námsumhverfi. Kennarinn leggur mat á vinnu nemenda og veitir leiðbeinandi endurgjöf. Hann nýtir faglegt frelsi sitt til að velja aðferðir sem henta viðfangsefninu og nemendahópnum, í anda kennslustefnu skólans.

3.2 HLUTVERK NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFA

Náms- og starfsráðgjafi styður nemendur á skólagöngu sinni með leiðsögn um námstækni, námsval og framtíðaráætlanir. Hann fylgist með stöðu nemenda, kemur með tillögur um stuðning við þá sem þurfa aukna aðstoð og vinnur með kennurum og stjórnendum að lausnum. Náms- og starfsráðgjafi er tengiliður milli nemenda, kennara og foreldra þegar kemur að námsframvindu og velferð.

3.3 HLUTVERK NEMANDANS

Nemandinn sýnir virkni og ábyrgð í námi sínu. Hann kemur undirbúinn í kennslustundir og sýnir metnað. Nemandinn leitar sér upplýsinga, setur sér markmið og þjálfar sjálfstæð og gagnrýnin vinnubrögð. Hann vinnur með samnemendum af virðingu og ábyrgð og leggur sitt af mörkum til jákvæðs námsumhverfis.

3.4 HLUTVERK STARFSFÓLKS HEIMAVISTAR

Starfsfólk heimavistar stuðlar að ró, svefnfriði og vinnufriði í samræmi við heimavistarreglur. Það fylgist með líðan og venjum nemenda sem geta haft áhrif á velferð þeirra. Áhersla er lögð á traust og umhyggju en einnig virðingu fyrir einkalífi.

3.5 HLUTVERK FORELDRA

Foreldrar ólögráða nemenda bera ábyrgð á ungmennum sínum og eiga að fylgjast með námsframvindu þeirra, ástundun og líðan í samstarfi við skólann. Jafnframt er eðlilegt að nemendur á framhaldsskólastigi beri vaxandi ábyrgð á eigin námi og fái svigrúm til sjálfstæðis í samræmi við aldur og þroska. Foreldrar styðja við þetta ferli með því að sýna áhuga, vera í samskiptum við skólann og hvetja ungmenni sín til ábyrgðar og metnaðar í námi.

3.6 HLUTVERK SKÓLAMEISTARA

Skólameistari ber faglega ábyrgð á kennslustefnu skólans og tryggir að hún sé lifandi hluti af skólastarfinu. Hann hefur forystu um að kennslustefnan endurspeglist í starfsþróun, starfsmannasamtölum og faglegu samstarfi kennara. Stjórnendur styðja kennara í faglegri þróun, fylgjast með gæðum kennslu og skapa skilyrði fyrir opnu samtali um kennsluhætti og námsárangur.

4 INNLEIÐING OG EFTIRFYLGNI

Kennslustefnan er lifandi skjal sem endurspeglast í daglegu skólastarfi. Eftirfarandi leiðir eru nýttar til að innleiða, viðhalda og þróa stefnuna:

4.1 SAMTAL KENNARA OG NEMENDA UM NÁM OG KENNSLU

Kennarar eiga í samtali við nemendur sína um kennsluhætti og nám, m.a. með eigin kennslukönnunum eða samtölum í kennslustundum. Viðhorf nemenda eru nýtt til að ígrunda og þróa kennsluhætti.

4.2 INNRA MAT

Niðurstöður áfangamats og Framhaldsskólapúlsins eru nýttar til að meta hvernig kennslustefnan birtist í upplifun nemenda. Rýnihópaviðtöl eru tekin við nemendur til að fá dýpri innsýn í viðhorf þeirra.

4.3 STARFSMANNASAMTÖL

Kennslustefnan og gæði kennslu eru meðal umræðuefna í reglulegum starfsmannasamtölum þar sem kennarar og stjórnendur ræða fagleg markmið, styrkleikar og tækifæri til þróunar.

4.4 STARFENDARANNSÓKNIR

Kennarar fá tækifæri til að rannsaka eigin kennsluhætti í anda kennslustefnunnar og deila niðurstöðum sín á milli. Ávinningur starfendarannsókna er metinn reglulega og þær nýttar markvisst til að þróa kennsluhætti.

4.5 FAGLEGIR FUNDIR

Reglubundnir fundir þar sem kennarar ræða kennsluhætti, deila aðferðum og ígrunda starf sitt í ljósi kennslustefnunnar.

4.6 INNLIT Í KENNSLUSTUNDIR

Kennarar fá heimsóknir í kennslustundir frá samstarfsfólki sínu í þeim tilgangi að styðja við faglega þróun, efla samræður um kennslu og tryggja samræmi við kennslustefnuna. Slíkar heimsóknir eiga ávallt að byggja á samþykki og trausti.

4.7 FRÆÐSLA OG ENDURMENNTUN

Kennarar fá tækifæri til starfsþróunar sem tengist áherslum kennslustefnunnar, bæði innan skólans og utan.